



55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 10 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

Reglugerð um körfuknattleiksmót

46. grein

[...]

~~Innkoma, að frádregnum kostnaði vegna húsaleigu (hámark 16%) og vegna dómara, skal skiptast jafnt á milli leikaðila. Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf. Aðgöngumiðar á leiki í bikarkeppni skulu vera númeraðir.~~

Heimalið fær allar tekjur og ber allan kostnað við framkvæmd leiks að undanskildum ferðakostnaði. Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða hámarks ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að fjögurra starfsmanna. Þetta á þó ekki við um undan- og úrslitaleiki bikarkeppni en framkvæmd þeirra leikja er í höndum KKÍ og ferðakostnaður liða í þeim umferðum skal greiðast að jöfnu af þátttökuliðum í viðkomandi umferð.

Ef ágreiningur kemur upp um kostnaðarskiptingu og aðilar komast ekki að samkomulagi er hægt að vísa ágreiningnum til mótanefndar KKÍ sem úrskurðar í málinu. Niðurstaða mótanefndar er endanleg og er ekki hægt að skjóta þeirri niðurstöðu til dómstóla KKÍ.

[...]

Bikarkeppni yngri flokka

[...]

Dómarakostnaður í öllum bikarleikjum yngri flokka deilist jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna. Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða.

[...]

Greinargerð:

Hér horfum við til þess að jafna kostnað. Lið geta í dag verið heppin/óheppin með bikardrátt varðandi kostnað. Þessi jöfnun minnkar „höggið“ fyrir alla ef svo má segja. Þessi regla er notuð í knattspyrnu, handknattleik og blaki hér á landi.

F.h. kkd. Hattar

Viðar Örn Hafsteinsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 10 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd gerir athugasemd við að hún verði gerð að úrskurðaraðila í málum sem tengjast ekki skilgreindu hlutverki nefndarinnar. Verkefni mótanefndar eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar um mótanefnd, og þetta verkefni er ekki þar á meðal. Eðlilegast er að framkvæmdastjóri KKÍ, stjórn KKÍ eða aga- og úrskurðarnefnd skeri úr um ágreining í svona málum, komi hann upp. Sömuleiðis er eðlilegt að framkvæmdastjóri KKÍ eða sambandið sem slíkt ákveði eða gefi upp hvað getur talist eðlilegur ferðakostnaður.

Sömuleiðis þarf að skoða hvernig skipta ætti kostnaði þegar félög ferðast innan þéttbýliskjarna, til dæmis þegar tvö félög innan höfuðborgarsvæðis mætast.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld